

Reykjavík, 12. apríl 2021
ESPA/ES

Efni: Umsögn Carbfix um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004 (forsendur tekjumarka, raforkuöryggi o.fl.). Þskj. 1085-628. mál.

Carbfix hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Carbfix leggur til að við 8. gr. frv., sem breytir 12. gr. a. raforkulaga, verði bætt útfærslu á heimild til beintengingar við virkjun. Skýra þarf heimildir til að veita afslátt af flutningsgjaldi, þannig að skýrt sé að afslátturinn geti orðið allt að 100%, þannig að ekki sé greitt flutningsgjald þegar viðkomandi starfsemi hefur enga tengingu við flutningskerfið og nýtur engrar þjónustu þess. Þá sé einungis greitt fyrir kerfisþjónustu og einnig gæti verið eðlilegt að viðkomandi aðilar greiði eftirlitsgjald skv. 31. gr. laganna, þar sem Orkustofnun kemur að málum er varða beintengingar við virkjun.

Skýrar heimildir hvað þetta varðar geta haft úrslitabýðingu um það hvort í auknum mæli verði horft til þess að velja frumkvöðlaverkefnum á sviði föngunar og förgunar koldíoxíðs úr andrúmslofti stað hér á landi. Alþjóðleg stórfyrirtæki horfa í síauknum mæli til fjárfestinga í slíkum verkefnum¹ enda eru þau nauðsynlegur hluti af loftslagsaðgerðum heimsins. Ljóst er að íslenskur berggrunnur hentar einkar vel til varanlegrar förgunar koldíoxíðs með Carbfix tækninni. Tæknin byggir á íslensku hugviti sem felur í sér að leysa CO₂ í vatni og dælt djúpt niður í berglög þar sem það steinrennur á innan við tveimur árum. Aðferðin hefur verið sannreynð sem hagkvæm og umhverfisvæn leið til að binda CO₂ varanlega og koma þannig í veg fyrir áhrif þess á loftslagið. Ljóst er að mikil tækifæri geta falist í því fyrir íslenskt efnahagslíf að horfa til kolefnisförgunar sem nýrrar útflutningsstoðar enda eftirspurnin mikil á alþjóðavettvangi og ljóst að hún mun aukast enn frekar að komandi árum sem hluti af aðgerðaráætlunum ríkja í loftslagsmálum.

Rekstraraðilar kolefnisföngunar úr andrúmslofti eru miðað við núverandi tæknistig föngunarbúnaðar í flestum tilvikum háðir því að nýta aðrar afurðir jarðvarmavirkjana en einungis raforku, og þá einkum varmaorku. Carbfix telur að gera eigi slíkum notendum kleift að fá, án greiðslu flutningsgjalds heimild til beintengingar við virkjun þrátt fyrir að þeir nái ekki stórnotendaviðmiði (sbr. 6. mgr. 12. gr. a í raforkulögum). Carbfix þekkir dæmi þess að krafa um greiðslu

¹ Sjá t.d. <https://www.globalcitizen.org/en/content/iceland-carbon-capture-emissions-into-rock/> og <https://blogs.microsoft.com/on-the-issues/2021/01/28/sustainability-year-progress-decade-action/>



flutningskostnaðar til Landsnets getur haft úrslitapýðingu um afkomumöguleika frumkvöðlaverkefna sem vilja nýta ólíka auðlindastrauma sem koma frá blönduðum jarðvarmavirkjunum. Þá er Carbfix jafnframt kunnugt um að Landsnet hefur sjálft í umsögnum til Orkustofnunar um leyfisumsóknir um beintengingar við virkjanir bent á að skýra þurfi heimildir 12. gr. a í raforkulögum um það efni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Edda Sif Pind Aradóttir".

Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix